

Ég heiti Magnús Erlingsson og hef þjónað sem sóknarprestur á Ísafirði í þrjátíu ár. Hin seinni árin hef ég sinnt prófastsskyldum. Áður en ég gerðist prestur þá starfaði ég í fimm ár á Biskupsstofu sem fræðslu- og æskulýðsfulltrúi.

Ástæða þess að ég býð mig fram til Kirkjuþings er sú að ég vil standa vörð um grunnþjónustu kirkjunnar, sem er boðun fagnaðarerindisins, helgihald, safnaðarstarf og sálgæsla. Prestar og djáknar gegna lykilhlutverki við að sinna þessu hvort sem það er gert í sókn eða á stofnun. Þess vegna vil ég standa vörð um embætti presta og djákna og leggja mitt lóð á þær vogaskálar að þjónandi prestum og djáknum verði ekki fækkað á næstu fjórum árum.

Fjárhagsvandi kirkjunnar er ekki tilkominn vegna þess að of margir prestar sinni prestsþjónustu á Íslandi. Hann er tilkominn vegna aukins kostnaðar við yfirstjórn kirkjunnar auk þess undarlega ráðslags að búa til sérstök embætti samningspresta en það eru prestar sem hvorki starfa í sókn eða á stofnun né heldur sinna skýrt afmörkuðum verkefnum. Bæði kostnaður við Kirkjuþing og Biskupsstofu hefur aukist á síðustu árum og áratugum.

Ef við berum okkur saman við Noreg þar sem kirkjulíf líkist Íslandi að mörgu leyti þá koma fram eftirfarandi tölfræðilegar staðreyndir. Í hinum víðfeðma Noregi eru tæplega 60% barna skírð, sem er líklega eitthvað minna en hér á Fróni. Í Noregi eru meira en 100 prestar á bak við hvern biskup og 12 prestar á bak við hvern prófast. Á Íslandi eru biskupar því þrisvar sinnum fleiri en í Noregi en prófastar hlutfallslega færri. Við erum með meiri og dýrari yfirbyggingu en þekkist hjá nágrannakirkjum okkar.

Kirkjan á landsbyggðinni þarf að eiga sér öfluga talsmenn á Kirkjuþingi, sem standa vörð um grunnþjónustu kirkjunnar. Allir kirkjuþingsfulltrúar, jafnt lærðir sem leikir, bæði úr þéttbýli og dreifbýli þurfa að geta unnið saman að því að efla Þjóðkirkjuna á Íslandi. Ég býð mig fram til að vinna að þeim málum, sem efla kirkjulíf landsins. Ég tel að gefa þurfi fleirum kost á að kjósa til kirkjuþings. Við þurfum að virkja alla starfsmenn kirkjunnar og opna áhugasömu kirkjufólk leið til kjósa til kirkjuþings og hafa þannig áhrif. Við eigum að auka á valdreifingu og lýðræði innan kirkjunnar.

Magnús Erlingsson.